

Att. nóv '73



FRUÐSOKKAHREYFINGIN

Bréf sent til allra alþingismanna vegna frumvarps um nýja fóstureyðingalöggjöf, sem lagt var fram á alþingi í nóvember 1973.

Frumvarp um nýja fóstureyðingalöggjöf, sem nú liggur fyrir alþingi, og felur í sér breytingar er stefna að auknu frjálsræði kvenna til fóstureyðinga hefur vakið upp nokkurn úlfabyt, sem vænta mátti um svo róttækar breytingar þótt sjálfsagðar séu. Í því sambandi má benda á, að í nágrannalöndum okkar hefur frjálsræði verið stóraukið og í Danmörku, Svíþjóð og Englandi hafa nú verið lögleiddar frjálsar fóstureyðingar. Þessi þróun mun óhjákvæmilega hafa það í för með sér, ef frumvarpið um nýja fóstureyðingalöggjöf verður ekki samþykkt, að stúlkur, er þurfa á fóstureyðingu að halda, leysi vanda sinn með því að taka sér ferð á hendur til þessara landa, og eru slík ferðalög algeng nú þegar. En hvaða konur hafa bolmagn til að standa straum af dýrri utanlandsferð? Margar alls ekki, og það eru þá e.t.v. þær, sem helst þyrftu á henni að halda, þ.e.a.s. þær konur er lifa við ómurgustu aðstæður og eru lífílmagnar þjóðfélagsins í sérhverju tilliti andlega sem fjárhagslega. Samþykkt fyrirbyggjandi frumvarps í óbreyttri mynd ætti einnig að hafa í för með sér, að ólöglegar fóstureyðingar legðust af og þar með veri úr sögunni auðmýking, sem fjöldi kvenna hefur látið sig hafa, og ekki verður með orðum lýst, en af eðlilegum ástæðum hafa lífsreynslusögur kvenna er hafa látið eyða fósturi á ólöglegan hátt ekki verið dregnar mjög fram í dagsljósið í umræðum þeim er um þessar mundir fara fram um þessi mál.

Margvíslegar skoðanir hafa komið fram á opinberum vettvangi einkanlega á móti því er tekur til sjálfsákvörðunarréttar konunnar í frumvarpinu, og bregður þá oft við næsta undarlegri röksemdaferslu.

Því hefur verið haldið fram að fóstureyðing væri sambærileg við morð. Það munu vera til einar þrjár skilgreiningar á því hvenær einstaklingur verður til, og hefur hver sína, páfínn, læk'nirinn og lögfræðingurinn. Er ekki hæpið að tala um að eyða mannslífi, þegar fárra vikna hnúður er fjarlægður úr móðurkviði? Það sem skiptir hér meginmáli er að fóstureyðing kemur í veg fyrir að fóstur verði að manneskju.

Mikið hefur verið rætt um þá hættu, sem lífi og heilsu konunnar er stefnt í við fóstureyðingu, og hafa einkum læk'nar látið sér tíðrætt um þetta atriði. Hér eru þó ekki allir á einu máli. Sumir læk'nar halda því fram að fóstureyðingar séu hættulegar aðgerðir, aðrir skipa þeim á bekk með algengustu skurðaðgerðum. En flestir munu þó sammála um að fæðing feli í sér meiri hættu en fóstureyðing. Í þessu sambandi ber einnig að taka tillit til félagslegrar heilsu konunnar, sem getur verið stofnað í hættu með því að kona sé látin ala barn gegn vilja sínum, og andleg vanheilsa getur haft í för með sér líkamlegt heilsuleysi.

Sumir vilja telja að sjálfsvörðunarréttur konunnar til fóstureyðinga hafi í för með sér of mikla ábyrgð að leggja á herðar henni einni. En hún á að geta tekið ábyrgðina á nýju lífi sem hún færir af sér við vonlausar aðstæður. Einnig hefur verið talað um að konan geti oft ekki séð hvað sé henni fyrir bestu vegna hræðslu og þunglyndis á fyrstu vikum meðgöngutímans. En hver getur það þá? Getur læk'nirinn séð betur hvað ókunnugri manneskju er fyrir bestu? Enginn utanaðkomandi maður, kunnugur eða ókunnugur getur sett sig inn í allar hliðar vandamáls einstaklings. Því er konan sjálf best til þess fallin að taka þessa ákvörðun, enda verður hún sjálf að bera ábyrgð á henni. Hins vegar ber að sjálfsögðu, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, að fræða hana, áður en hún tekur ákvörðun sína, um þá hjálp sem þjóðfélagið býður, kjósi hún að eignast barnið.

Heyrst hafa raddir um það, að með frjálsum fóstureyðingum sé í raun og veru verið að svipta konuna frelsi, því að þá geti aðrir þröngvað henni til að láta eyða fóstri sínu. En hvað með hið gagnstæða? Það hlýtur að vera jafn alvarlegt fyrir hana að láta þröngva sér til að eignast barn sem hún óskar ekki eftir að eignast. Það er þröngvun sem svo lengi

hefur við gengist að margir taka ekki eftir henni. Það er ekki siðmenntuðu þjóðfélagi samboðið að ráðskast á svo örlogaríkan hátt með líf þegna sinna.

Kona á að vera ábyrg gerða sinna segja sumir. Sofi hún hjá karlmanni verður hún að taka afleiðingunum. En eins og kunnugt er fara tilfinningar og skynsemi ekki alltaf saman. Kynlífið er sjálfsagður þáttur í lífi hvers fullþroska einstaklings, og á síðustu árum hafa orðið miklar framfarir á sviði getnaðarvarna, þ.e.a.s. getnaðarvarnir gerast á öruggari og auðveldari í notkun. Þó ber nokkuð á annmörkum, sem valda því, að stór hópur kvenna getur ekki notfært sér getnaðarvarnir, og auk þess eru engar getnaðarvarnir alls kostar öruggar. Aukin leiðbeining í notkun getnaðarvarna ásamt aukinni meðrahjálp minnkar að sjálfsögðu þörfina fyrir fóstureyðingar, en getur aldrei gert þær að engu.

Það er ábyrgðarhluti að neita kornungri stúlku, sem ekki treystir sér til að taka á sig móðurábyrgð, um fóstureyðingu eða slitinni margra barna móður, sem finnst hún vera orðin of gömul til að byrja á nýjan leik. Það er skref í áttina að mannúðlegra þjóðfélagi að þegnar þess séu velkomnir í heiminn.

Það er ekki virðingarröttur við lífið að láta ókunnuga ráða yfir lífi konu, að láta börn fæðast við hörmulegar aðstæður, að neyða börn og aðra sem lítils mega sín til að verða foreldrar.

Áður en þér greiðið atkvæði yðar um þetta frumvarp, þá fhuigið hve sjálfsögð mannréttindi það eru, að konan ráði sjálf yfir líkama sínum og lífi og ákveði sjálf hvort hún vill eignast börn, hvenær hún vill eignast börn og hve mörg börn hún vill eignast.

Fyrir hönd starfshóps Rauðsokka um nýja fóstureyðingalöggjöf.

Helga Ólafsdóttir

Ásvallagötu 8.

Helga Ólafsdóttir